



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um skráningu fyrirspurna í borgarráði.

Á fundi borgarráðs þann 30. mars 2017 lagði borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er skýringu á því hvernig það má vera að tvær sjálfstæðar fyrirspurnir, annars vegar frá Sjálfstæðisflokki og hins vegar Framsókn og flugvallarvinum fái sama númer R15050131 í fundargerð frá fundi borgarráðs nr. 5360 frá 21. maí 2015, liður 45 og 47.

Svar: Í skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar er málum gefið númer við stofnun þeirra. Númerin byrja á R (ráðhús) og svo kemur ár, mánuður og hlaupandi númer málsins þann mánuðinn. Málsnúmer R15050131 er því 131. mál sem stofnað var í maí 2015 og ber heitið fyrirspurnir um íbúðakjarna að Rangárseli 16-20. Þegar ný skjöl koma til vistunar er notast við þau mál sem þegar hafa verið stofnuð um sama málefni m.a. til að auðveldara sé að fylgja ferli mála þ.m.t. fyrirspurna og tillagna en undir hverju málsnúmeri geta verið vistuð fjöldamörg skjöl, málalekkir og dagskrármál.

Í því tilfelli sem hér er vísað til voru lögð fram fram tvær fyrirspurnir um um íbúðakjarna að Rangárseli 16-20. Þar af leiðandi eru þær báðar skráðar undir því málsnúmeri, eins og aðrar sambærilegar fyrirspurnir sem á undan þeim komu.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

